



Reykjavík, 25. ágúst 2026
MIR26080004

TILLAGA

Viðtakandi: Menningarráð

Sendandi: Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar um úttekt á stöðu danslistar í Reykjavík

Lagt er til að menningarráð feli menningar- og íþróttasviði að framkvæma úttekt á stöðu danslistar í Reykjavík. Úttektin skal hafa það að markmiði að draga fram heildstæða mynd af starfsskilyrðum danslistafólks, aðstöðu, fjármögnun, sýningar- og æfingarýmum, aðgengi barna og ungmenna að dansi, stöðu sjálfstæðra hópa og möguleikum Reykjavíkurborgar til að styðja betur við uppbyggingu danslistar til framtíðar.

Greinargerð

Danslistin er mikilvægur hluti af sviðslistum og reykvísku menningarlífi. Hún sameinar listræna sköpun, líkamlega tjáningu, fræðslu, samfélagslega þátttöku og alþjóðleg tengsl. Þrátt fyrir mikilvægi danslistar hefur stuðningsumgjörð við greinina ekki þróast með sama hætti og stuðningsumgjörð við sumar aðrar listgreinar, svo sem tónlist og leiklist. Því er tímabært að Reykjavíkurborg bæti yfirsýn yfir stöðu dansins og meti með hvaða hætti borgin geti stutt með markvissari hætti við greinina.

Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að borgin sé staður þar sem listafólki þykir gott að búa og starfa, að menning og listir séu hluti af daglegu lífi borgarbúa. Þá skal aðgengi að menningu vera tryggt með fjölbreyttum hætti. Til að þær áherslur nái einnig vel til danslistar þarf að liggja fyrir skýrari greining á núverandi stöðu, helstu hindrunum og tækifærum til úrbóta.

Úttektin skal m.a. innihalda eftirfarandi atriði:

- yfirlit yfir núverandi stuðning Reykjavíkurborgar við danslist (beinan og óbeinan), þar á meðal styrki, samstarfssamninga og aðstöðu,
- samanburð á stuðningi við danslist annars vegar og hins vegar við aðrar sviðslistir og skyldar listgreinar, eftir því sem kostur er,
- upplýsingar um stöðu æfinga- og sýningarrýma fyrir danslist í Reykjavík og þarfagreiningu um raunverulega þörf fyrir slík rými,
- upplýsingar um starfsskilyrða sjálfstæðra danslistahópa, danshöfunda og dansara í borginni,
- upplýsingar um aðgengi barna og ungmenna að dansi, bæði í gegnum menntun, frístundir, sýningar og þátttökuverkefni,
- útlitun á tækifærum til samstarfs við skóla, frístundastarf, menningarstofnanir og hverfi borgarinnar,
- umfjöllun um mögulegar leiðir til að styrkja stöðu danslistar í Reykjavík til lengri tíma, innan raunhæfra fjárhagslegra og stjórnsýslulegra ramma.



Reykjavík



Úttektin skal unnin í samráði við helstu hagaðila á sviði danslistar, þar á meðal danslistafólk, sjálfstæða hópa, menntastofnanir, sýningarstaði og aðra aðila sem koma að uppbyggingu, miðlun og framkvæmd danslistar í borginni. Niðurstöður verði lagðar fyrir menningarráð ásamt tillögum að mögulegum næstu skrefum sem skulu þá liggja fyrir kostnaðarmetnar eftir því sem kostur er.

Markmið tillögunnar

Markmið tillögunnar er að kalla eftir vandaðri úttekt sem getur orðið grundvöllur upplýstrar stefnumótunar og forgangsroðunar. Þá ætti að vera mögulegt að tryggja með markvissari hætti stuðning við danslist og listgreininni skapaður skýrari sess í menningarlífi borgarinnar.

